

Þráðfrjett

Eftir dr. Helga Pjeturss

I.

Frjett sem mig langar mikið til að fá, er að stjörnustöðin á Palomarfjalli, vestantil í Banda ríkjunum, þar sem lengi hefir verið unnið að því að setja upp langstærstu stjörnusjána, sem til er, sje tekin til starfa. Því að þaðan má búast við miklum og merkilegum fróöleiksauka. Má það fyrst nefna, að vjer munum geta stórum fræðst fram yfir það sem áður hefir orðið, um landfræði og jarðfræði tunglsins. Ef t. v. verður jafnvel unt að ganga úr skugga um, hvort þar eru eldgos ennþá, eða hafa fyrir skömmu verið.

Þá er jarðstjarnan Mars. Öll líkindi eru til, að þegar sólin var stærri og heitari, hafi verið mannabygð á Mars, þó að nú muni þar vera of loftlítið og kalt til að slikt geti átt sjer stað. En með 200 þumlunga fjarsjánni, mun sennilegá mega fá vitneskju um, hvort þar eru mjög stórkostlegar rústir borga, eða aðrar menjar mannlífs, eins og t. d. þessi undarlegu sund eða skurðir, sem svo mikið hefir veriðritað um. Ennþá merkilegra virðist mjer þó, að nú mun mega fá vitneskju um það, hvort jarðstjörnur eru við þær tvær sólir sem næstar eru oss,

eða aðráhvora; en þær eru í 40 biljóna km. fjarlægð. Sje þar um að ræða sólhverfi, en ekki einmana sólir, þá fer að verða erfiðara að taká mark á þeirri kenningu, að langflestari af hinum 100000 miljónum sólna vetrarbráutarinnar sjeu án afsprengis, sólhverfin sjaldgæf undantekning.

Þá er enn það, að unt mun verða að fræðast miklu meir en áður um Andromedubokuna, það heimishverfi sömu tegundar og Vetrarbrautin, sem er oss næst, fjarlægðin nálægt einni miljón ljósára. Það er ekki langt síðan menn komust að því, að Andromedubokan er a. m. k. eins stór og vor Vetrarbraut, en nú mun verða þess kostur að rannsaka hana miklu gjör en áður og greiða sundur í einstakar stjörnur. Og ef til vill fá menn nú að kynnast, í nágrannavetrarbraut vorri, sólum sem eru stærri og ljósmeiri en nokkrar sem vitað hefir verið um áður.

Og þá er að lokum ekki síst áhugavert, að talið er að nú muni verða unt að ljósmynda margar miljónir af vetrarbraut um, sem hingað til hafa verið ósýnilegar sakir fjarlagðar, og

Mbl. 22. 4. 1944

muni þannig verða hægt að færa út stórkostlega takmörk hins þekta heims, og ef t. v. fá nýar upplýsingar um byggingu eða fyrirkomulag alheimsins. Það er vert að minnast þess, að það eru ekki margir mannsaldrar síðan mönnum skildist, að Vetrarbrautin er heimshverfi, þar sem sól vor er ein af minniháttar stjörnunum, og nokkuð komin á efri aldur. hefir miljónir áramiljóna að baki.

II.

Menn kunna að spyrja hvort þessi vitneskja um hinn furðulega mikilleika heimsins, þýði nú nokkuð fyrir oss hjer á jörðu, og sú skoðun hefir jafnvel verið látin í ljós, að í rauninni skifti þetta oss engu. En það er nú eitthvað annað. Mikilleiki heimsins getur verið oss nokkurskonar mælikvarði á mikilleika lífsins. (Sbr. 1. kafla Framnýals). Alheimurinn er fyrirtæki sem alt líf á að fá bátt í að leiða til fullkomunar, einnig það líf sem er eins ófullkomið og jarðlíf vort er ennþá. Því að jörð vor er á útjaðri sköpunarverksins, og þessi ennþá nokkuð vanmetna vísindagrein jarðfræðin, gerir oss meðal annars ófengilega, hvort við hafi takast að koma upp vitlifi, er gæti náð því stigi þekkingar, sem nauðsynleg er til framfarahæfs lífs. Og enn þá er nokkur tvísýna á að svo geti orðið. Jeg segi það satt, að mannkyni voru er hin mesta nauðsyn á söfta sig á sjálfsjær, og yfirleitt, á tilgangi jarð

lífssins. Og á því, að breytt verði samkvæmt þeim tilgangi. Þá fyrst, þegar það er gert, er verið guðs megin en ekki andskotans — einsog komast mætti að orði. En meðan það er ekki gert, er verið á glötunarvegi, eins og vort mannkyn er ennþá.

Jeg var áðan að lesa í Heimskringlu (Winnipegblaðinu), um hina ógurlegu meðferð Japana á stríðsföngum sínum, er svo er svívirðileg, að varla munu nokkrar þær hörmungar sem styrjöldin bakar mönnum, vera alveg eins ægilegar. Og það er ekki hægt annað en láta sjer koma í hug hvernig nokkru meiri bekking í heimsfræði — er svo mætti nefna — eða nokkru meiri skilningur á lögmálum lífsins, mundi algerlega koma í veg fyrir að svo herfileg grimdarverk væru unnin. Því að enginn sem vissi það sem svo mikil nauðsyn er á að vera ekki ófróður um, mundi vilja skapa framtíð sinni þær égnir, sem svo hrylli-leg breytni gagnvart öðrum óhjákvæmilega hefir í för með sjer. Þá mundi það einnig stuðla mjög að betri breytni, ef menn gætu gert sjer ljóst, hvað það er sem þeir fara á mis við með því að liifa hjer á jörðu niðurávið en ekki uppávið. Mundu kvíkmyndir sem bygðar væru á nokkru meiri bekkingu á lífinu en þær sem enn hefir verið kostur á að sjá, geta orðið að miklu liði í þeim efnum.

16. apríl.

Hölgð: Þjóruson,